

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 2.12.2024
UST202401-127/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olúgeymum - Olíudreifing ehf., Neskaupsstað, geymir nr. 740.03.00 (T1072)

Umhverfisstofnun bárust þann 28. nóvember sl. þykktarmælingar og segulssviðsskönnun á geymi Olíudreifingar ehf., Neskaupsstað. Geymirinn hefur fastanúmerið T1072 og eigendanúmerið 740.03.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Naustahvammi 57, Neskaupsstað. Geymirinn er 1.553 m³, standandi stálgeymir, smíðaður árið 1976.

Þykktarmælingar framkvæmdi Andre Sandö hjá HD ehf., Kópavogi, þann 11. nóvember 2024. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 - 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4 0016-A-TFS. Botn geymisins var mældur, ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. *TM-MFL-244371-GEYMIR-3-T1072-NOV-2024* frá HD ehf., að plötur hafi verið soðnar á fimm stöðum yfir pytti sem komnir voru undir 3 mm efnisþykkt. Að öðru leyti var geymirinn í góðu ásigkomulagi að innanverðu og fram kom að gólf geymisins sé málað að innan og hluti af neðsta umfarinu. Einnig kemur fram að neðsta umfar lítur vel út.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf., um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Þykktarmæla skal botn og neðsta umfar eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri